219. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 6. nóvember 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Sigurgeir Skúlason starfsmaður kirkjugarðaráðs.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:20.*
2. *Fundargerð 218. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Kynning á verkefni við stofnun lóða fyrir kirkjugarða.* Sigurgeir Skúlason kynnti verkefnið. Fram kom að áður hafi verið stofnað nýtt landnúmer fyrir kirkjugarða en landnúmeri kirkna, sem viðkomandi garður tilheyrir, verið eytt af lóðinni. Sigurgeir hefur leitað annarrar leiðar og leggur til að stofnuð sé ein sameiginleg lóð fyrir kirkju og kirkjugarð og gerður eignaskiptasamningur milli kirkju og garðs þar sem skilgreind er notkun lóðar og skipting kostnaðar. Um langtímaverkefni er að ræða. Stofna þarf lóðir fyrir hátt í 250 kirkjugarða, þar af er kirkja innan garðs í 200 tilvikum. Löggiltur merkjalýsandi getur skilgreint lóðirnar, en kanna þarf hver útbýr eignaskiptasamninga og hvort þurfi lögfræðing eða fasteignasala til þessa. Mögulega mætti útbúa staðlað form til útfyllingar fyrir hvern garð og kirkju. Þar sem sveitarfélög leggja til land undir kirkjugarða var rætt hvort þau ættu að koma að vinnunni við skilgreiningu lóða. Einnig var bent á að margir garðar eru aldagamlir og hafa verið í notkun löngu fyrir gildistöku laga um merkjalýsingar frá 2001, sem ekki virka afturvirkt. Þannig að nýir garðar ættu að vera í forgangi. Kostnaður við verkefnið gæti orðið verulegur, mögulega um 200 þúsund krónur á garð, sem myndi deilast á milli kirkjugarðaráðs og Þjóðkirkjunnar. Spurt var hvort þörfin væri nægilega mikil miðað við kostnað. Sigurgeir lýsti sig reiðubúinn að vinna að þessu næstu ár.
   Sigurgeir greindi einnig frá stöðu vinnu við stafræn kort og legstaðaskrá sem birt er á vefnum gardur.is. Rætt var hvort birta mætti kort á vefnum sem enn á eftir að stafvæða, þ.e. myndir. Sú lausn virkar illa í síma en er í lagi í tölvu. Mikið magn slíkra gagna er til sem hægt væri að setja á vefinn, á meðan vinna við gagnvirk kort heldur áfram.
4. *Önnur mál.* 1) Í frumvarpi til fjárlaga 2026 var ekki tekið tillit til magnbreytinga skv. reiknilíkani kirkjugarða. Skv. upplýsingum úr dómsmálaráðuneyti til Ingvars verður lögð til leiðrétting við 2. umræðu fjárlaga svo að fjárheimild til fjárlagaliðar kirkjugarða verði aukin um 12,8 m.kr., auk þess sem 0,3 m.kr. leiðrétting verði gerð vegna launa- og verðlagsbóta. Því verður framlag til

kirkjugarða samtals 1.644,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2026. 2) Kirkjugarðaráð bókar að Ingvar mun biðja Jóhannes Finn Halldórsson hagfræðing um að kanna mun á milli talna Hagstofu og raunverulega fjölda grafinna. Ríkið nýtir Hagstofutölur þrátt fyrir að raunverulegur fjöldi grafinna sé ávallt meiri í 3 ára gömlum magntölum. Ágústa hefur þegar ritað erindi til ráðuneytisins vegna þessa en ekki borist svar. Hún mun kanna stöðuna á erindinu. 3) Ekki er hægt að vinna meira í bálstofumálum fyrr en samningur hefur verið gerður við ríkið um þau mál. Samningur er í bígerð en lítið hefur heyrst undanfarið frá hinu opinbera. Ingvar mun ýta á eftir að gengið sé frá samningi. 4) Ingvar sagði frá heimsókn í tvo kirkjugarða í Stokkhólmi. Þar er meiri gjaldtaka fyrir umhirðu en tíðkast hérlendis. Slegið er í kringum legsteina en ekki klippt. Ef fólk vill fínlegri frágang umhverfis steininn þarf að greiða sérstaklega fyrir það. Spurning hvort garðar hérlendis geti aflað tekna fyrir sérstaka umhirðu? Þegar eru m.a. seld sumarblóm og jólagreinar í kirkjugörðum í Reykjavík. Passa þarf að slík þjónusta sé ótengd opinberum fjárveitingum. Einnig er tekið gjald fyrir réttingu legsteina. Samkeppniseftirlitið gerði ekki athugasemd vegna þessa. Lagaheimild skortir fyrir gjaldtöku vegna sláttar hérlendis, en umhirða sem snýr að minningarmörkum og einstaka leiðum er eflaust heimil. T.a.m. mætti selja niðursetningu blóma í leiði, vökvun o.s.frv. Mögulega mætti skoða að selja áskrift af slíkri umhirðu einstakra leiða. Gæti verið sóknarfæri fyrir stærri garða, bæði lagað ásýnd og aflað smá fjár. 5) Ágústa ræddi 50% stöðu starfsmanns við kirkjugarðaráð og þá þekkingu og færni sem þarf til að stíga auðveldlega inn í starfið. Nýr starfsmaður mun nýta sömu skrifstofu og Ágústa og Sigurgeir. Kirkjugarðaráð felur Ágústu að vinna drög að starfslýsingu vegna 50% verkefnaráðningar til eins árs.

5. *Næsti fundur.* Fundað verður föstudaginn 12. desember kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26. Í framhaldi verður haldið á Vox í hádegisverð kl. 13:30.

Fundi var slitið kl. 13:25.